

Sp.

924. Breytingartillaga

við frv. til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd Ed.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr. í siglingalögum, nr. 56 frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem heimili eiga á Íslandi og að $\frac{2}{3}$ hlutum eru eign manna, sem búsettir eru á Íslandi og hafa haft þar heimilisfestu í 1 ár. Nú er skip hlutafjélagseign, og skulu þá stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir á Íslandi og hafa haft þar eins árs heimilisfestu, og heimilisfang fjelagsins þar.